

29. desember 2023

Sælkerabúðin innkallar Villisveppasúpu

Efni:

Með hliðsjón af velferð og öryggi neytenda hefur Sælkerabúðin ákveðið að innkalla **Villisveppasúpu** í 1 lítra glerkrukkum með **best fyrir dagsetningu 14.03.24** í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Ástæða innköllunar:

Ástæða innköllunarinnar er að tilkynning barst um að glerbrot hafi fundist í vörunni. Líklegt er að um einangrað tilvik sé að ræða en viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki heldur skila henni gegn fullri endurgreiðslu.

Upplýsingar um vöru sem innköllun einskorðast við:

Vöruheiti: Villisveppasúpa

Nettómagn: 1 L

Geymsluþol: Best fyrir dagsetning: 14.03.2024

Framleiðandi: Sælkerabúðin Bitruhálsi 2 110 Reykjavík.

Dreifing: Sælkerabúðin Bitruhálsi, Garðabæ og Kringlunni

Leiðbeiningar til neytenda:

[Innköllunin varðar einungis sölueiningar með þessari „best fyrir“ dagsetningu 14.03.2024.](#)

Viðskiptavinum Sælkerabúðarinnar sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta hennar og er bent á að þeir geta skilað henni í Sælkerabúðina á Bitruhálsi gegn fullri endurgreiðslu. Sælkerabúðin biður viðskiptavini sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir Sælkerabúðin í síma 578-2255 eða í gegnum netfangið [info\[at\]saelkerabudin.is](mailto:info[at]saelkerabudin.is)

